

d) Ef lýsingarháttur þátíðar í germynd endar á -st eða -sst, skal miðmyndar-  
endingu sleppt, t. d. (hefur) leyst (af leysast), (hefur) breyst (af breytast),  
(hafa) kysst (af kyssast) o. s. frv.

III. Reglur þessar öðlast þegar gildi, og jafnframt eru numdar úr gildi reglur um z  
í III. lið „Auglýsingar um íslenska stafsetningu”, sem út var gefin af dóms- og  
kirkjumálaráðuneytinu 25. febr. 1929, sbr. Lögbirtingablað 22. ár, nr. 9 (28.  
febrúar 1929).

*Menntamálaráðuneytið, 4. september 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Knútur Hallsson.*

## AUGLÝSING

um afnám reglna um ferðir til Vestmannaeyja og dvöl þar.

Frá og með 8. september 1973 falla úr gildi reglur nr. 22 20. febrúar 1973 um  
ferðir til Vestmannaeyja og dvöl þar.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. september 1973.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*